

Nd.

581. Tillaga

til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka lán til brúargerðar á Múlakvisl.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að taka allt að 120 þús. króna lán til brúargerðar á Múlakvisl í Skaftafellssýslu og til nauðsynlegra vegagerða í sambandi við þetta mannvirki.

Greinargerð.

Það mun vera hægt að útvega nú þegar lán erlendis að upphæð 120 þús. isl. krónur til 12 ára með 6% ársvöxtum án affalla og afborgunarlaust fyrstu 3 árin. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að fá að nota þennan lánsmöguleika til samgöngubóta og atvinnubóta á þessu sumri.